

Fundur skólanefndar Menntaskólans við Tröllaskaga 23. apríl 2010, kl. 13.00 í Bergi á Dalvík.

Mættir: Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Bergþór Morthens, Lára Stefánsdóttir skólameistari, Hildur Ösp Gylfadóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Forinnritun
Skólameistari sagði frá niðurstöðu forinnritunar sem fram fór í apríl. Átján hafa valið skólann sem fyrsta val og tólf sem varaval. Þetta eru einungis nemendur sem eru að útskrifast úr 10. bekk.
2. Námskrá
 - a. Stúdentsprófsbrautir
 - b. Ferðir og útivist
 - c. Listir
Skólameistari sagði frá undirbúningi og mögulegu fyrirkomulagi brautanna. Rætt var um ráðningu kennara og kjarasamninga í því sambandi.
- d. Fisktæknináms
Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar mætti á fundinn undir þessum lið en Dalvíkurbyggð ásamt skólameistara hafa unnið að undirbúningi undir fisktæknibraut við menntaskólann. Samstarf hefur verið við Ólaf Jón Arnbjörnsson skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem hefur ásamt fiskvinnslufyrirtækjum, verkalýðsfélögum, sveitarfélögum og fleirum stofnað til samstarfs sem kallast Fisktækniskóli Suðurnesja. Áætlað er að stofna til samskonar samstarfs undir heitinu Fisktækniskóli Eyjafjarðar sem síðan mun í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga bjóða upp á fisktæknináms frá næstu áramótum. Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur ásamt átta öðrum framhaldsskólum sótt um styrk hjá Verkefnasjóði skólasamninga hjá menntamálaráðuneytinu til að þróa námið. Ástæða þess að fyrirtækin og verkalýðsfélögin koma að undirbúningi fisktækninámsins er að samstarfið gerir námið lífvænlegra til framtíðar.
3. Skóladagatal
Skólameistari lagði fram drög að skóladagatali.
4. Mannaráðningar
Rætt var um mannráðningar, en nú þegar hefur verið auglýst eftir aðstoðarskólameistara. Skólameistari gerði grein fyrir hugmyndum sínum.
5. Hugbúnaðarmál – opinn hugbúnaður

Skólameistari ræddi um mögulegar leiðir í hugbúnaðarmálum fyrir skólann og kynnti hugmyndir um samstarf við Stefnu á Akureyri. Skólameistari lagði til að byggt verði á opnum hugbúnaði. Skólanefnd samþykkir hugmyndirnar fyrir sitt leyti.

6. Reiknilíkan menntamálaráðuneytisins
Skólameistari kynnti reiknilíkan menntamálaráðuneytisins sem lagt er til grundvallar fjárveitingum til rekstur framhaldsskólanna í landinu.
7. Hvað þarf að gera fyrir skólabyrjun
Skólameistari sagði frá verkefnum sem framundan eru. Undirbúa þarf skólaakstur, samning við Dalvíkurbyggð v/fjarnámsseturs í ófærð, húsbúnaðarkaup, tæki, vélbúnaður og hugbúnaður.
8. Önnur mál
Skólameistari vakti athygli á ráðstefnunni Menntalandið sem er fyrirhuguð 30. apríl n.k.